



HEILBRIGÐISVÍSINDABÓKASAFN
LANDSPÍTALA OG HÁSKÓLA ÍSLANDS

Ársskýrsla

Heilbrigðisvísindabókasafns Landspítala og Háskóla Íslands

2019

10. desember 2020

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Almennar upplýsingar	2
Stjórn og starfsemi Heilbrigðisvísindabókasafns.....	3
Fjármál.....	3
Áskriftir og innkaup	4
Kennsla	5
Innlent samstarf	6
Erlent samstarf	6
Starfsmannamál	7
Húsnæði, tækjakostur og hugbúnaður.....	7
Viðaukar, tölulegar upplýsingar	8

Inngangur

Landspítali hefur rekið fagbókasafn frá árinu 1968, fyrst inni á spítalanum sjálfum en frá árinu 1986 í Eirbergi. Sumarið 2016 flutti starfsemin að Rauðarárstíg 10 vegna rakaskemmda í húsnæði safnsins. Þann 9. september 2019 flutti safnið aftur á fornar slóðir í Eirbergi.

Árið 1987 var gert samkomulag milli Ríkisspítala og Háskóla Íslands um þjónustu Bókasafns Landspítala við ákveðnar námsbrautir og kennslugreinar á sviði heilbrigðisvísinda. Í framhaldi af því var sett á fót samstarfsnefnd Ríkisspítala og Háskólans sem gera skyldi tillögur um framtíðarskipan þjónustunnar.

Árið 1993 var gengið frá samkomulagi á milli Bókasafns Landspítala og Háskólabókasafns, annars vegar um að útibú þess síðar nefnda á sviði hjúkrunarfræði, sem rekið hafði verið um árabil í Eirbergi, rynni inn í rekstur Bókasafns Landspítala og hins vegar um greiðslur Háskóla Íslands vegna reksturs og þjónustu Bókasafns Landspítala. Sambærilegt samkomulag var gert varðandi þjónustu við læknadeild í upphafi ársins 1994. Bókasafn Landspítala starfaði síðan í samræmi við þetta allar götur til haustsins 2013 þegar undirritaður var samningur á milli rektors HÍ og forstjóra Landspítala um rekstur Heilbrigðisvísinda-bókasafns Landspítala og Háskóla Íslands sem gildi frá 2014-2018. Samningurinn var endurnýjaður 2019 til 5 ára og endurnýjast sjálfkrafa að loknum þeim tíma nema honum verði sagt upp.

Almennar upplýsingar

Bókasafnið er nú til húsa í Eirbergi, 1.hæð. Það er opið virka daga frá kl. 8 til 16 og síminn er 543 1450.

Netfang er bokasafn@landspitali.is Vefsíða bókasafnsins er <http://bokasafn.landspitali.is>

Facebooksíða safnsins heitir [Heilbrigðisvísindabókasafn LSH og HÍ](#)

Workplacesíðan heitir [Bókasafn - Heilbrigðisvísindabókasafn LSH og HÍ](#)

Twitter reikningurinn er [Heilbrigðisvísindabokasafn LSH og HI](#)

Stjórn og starfsemi Heilbrigðisvísindabókasafns

Stjórn safnsins er skipuð í samræmi við 3. grein samnings um rekstur Heilbrigðisvísindabókasafns Landspítala og Háskóla Íslands. Í henni sitja Magnús Gottfreðsson, yfirlæknir Vísindadeildar LSH og Anna Sigríður Guðnadóttir, verkefnastjóri safnsins. Fulltrúi Heilbrigðisvísindasviðs HÍ í stjórninni er Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður. Stjórnin fundaði einu sinni á árinu, þann 4. apríl 2019. Um samstarf Heilbrigðisvísindabókasafns og Landsbókasafns sbr. 6. grein samningsins er vísað í kaflann Innlent samstarf á bls. 6 í skýrslu þessari.

Heilbrigðisvísindabókasafn LSH og HÍ er fagbókasafn á heilbrigðisviði sem þjónar fyrst og fremst heilbrigðisstarfsfólki innan LSH og kennurum og nemendum í heilbrigðisvísindum innan Háskóla Íslands. Hlutverk þess er að veita aðgang að þeim vísindalegu og klínísku upplýsingum og þekkingu sem þessir aðilar þurfa í námi, klínísku starfi og rannsóknum. Safnið er þó öllum opið og rafræn gögn aðgengileg á staðnum.

Bókasafnið sinnir öllum hefðbundnum störfum sem unnin eru á spítala- og rannsóknarbókasöfnum. Þar má helst telja samninga um aðgang að rafrænum og prentuðum gögnum og upplýsingamiðlum sem og innkaup þeirra. Umsjón aðgangsstýringar og framsetningar gagna svo notendur hafi aðgang á sem einfaldastan hátt. Skráning safnkosts í bókasafnskerfi landsins og önnur rafræn kerfi sem auðvelda aðgang að safnkosti og niðurstöðum rannsókna. Þjónustan felur m.a. í sér kennslu og leiðsögn starfsfólks og nemenda varðandi nýtingu safngagna og annarra upplýsingaveitna, heimildaleitir, millisafnalán, greinaþjónustu og almenna aðstoð varðandi flest það sem snertir safngögn, heimildaskráningu og upplýsingaöflun.

Fjármál

Á árinu 2019 var rekstrarkostnaður Heilbrigðisvísindabókasafnsins 125,4 milljónir króna. Þar af nam kostnaður við kaup rafrænna tímarita og annarra rafrænna gagna 122 milljónum króna. Það er talsverð hækkun frá fyrra ári sem skýrist að mestu af óhagstæðu gengi. Brugðist var við hækkandi áskriftaverði með uppsögnum áskrifta undir árslok sem tóku gildi 2020, sjá nánar á bls. 4. Þess skal getið að lang stærstur hluti áskrifta að rafrænum gögnum er greiddur fyrirfram, þ.e. í nóvember 2018 til janúar 2019.

Launakostnaður á árinu nam um 50,4 milljónum króna.

Þjónustusamningar

Bókasafnið hefur um langt árabil gert samninga við ýmsar stofnanir á heilbrigðisviði um aðgang að þjónustu safnsins og safnkosti. Þjónustusamningar voru sjö talsins og fækkaði því um tvo. Þess má geta að á árinu 2014 gerðu 14 stofnanir samning við bókasafnið. Greiðslur vegna þjónustusamninga námu 2.681 þúsund krónum á árinu.

Áskriftir og innkaup

Gagnasöfn

Engin ný gagnasöfn voru tekin í áskrift á árinu 2019.

Lista yfir gagnasöfn í áskrift er að finna á þessari slóð: <http://bokasafn.landspitali.is/?PageID=15490>

Rafbækur

Einungis ein ný rafbók bættist í safnið á árinu. Upplýsingar um hana má sjá í viðauka.

Eins og fram hefur komið í fyrri ársskýrslum þá er stór hluti rafbóka í eigu safnsins orðinn æði gamall. Á árunum 2016 og 2017 gafst tækifæri til að endurnýja nokkra titla og kaupa einhverja nýja. Grisjun gamla bókapakkans í OVID er orðin bráð nauðsyn enda nýjustu útgáfur þar frá árinu 2007 eða 12 ára gamlar. Ekki náðist að ganga í það verk að grisja þær á árinu 2019 en stefnt að því að gera það 2020.

Rafbókakosturinn í séreign safnsins er nú um 426 titlar. Þar fyrir utan er aðgangur að fjölda rafbóka á heilbrigðissviði í gegnum þátttöku safnsins í landsaðgangi að rafrænum gögnum.

Rafbækur, bæði séreign safnsins, landsaðgangsbækur og bækur í opnum aðgangi, má nálgast á þessari slóð: <http://gegnir.hosted.exlibrisgroup.com/lhrml/ebooksearch?lang=ice>

Rafbækur safnsins eru einnig skráðar og aðgengilegar í gegnum Gegni/Leitir https://leitir.is/primo_library/libweb/action/search.do?vid=LHRMLV&prefLang=en_US

Bækur, prentaðar

Á árinu 2019 voru keyptar 3 prentaðar bækur. Listi yfir þær fylgir í viðauka. Upplýsingar um prentaðar bækur safnsins má finna í Gegni (leitir.is)

Tímarit

Fjöldi erlendra tímarita í séráskrift bókasafnsins í árslok 2019 var um 550 titlar þ.e. þar sem aðgangur er að tímaritshefti strax við útgáfu þess. Allar áskriftirnar eru rafrænar. Í tímaritapökkunum frá OVID, í LWW áskriftarpakkanum og PsycArticles pakkanum, voru 311 „current“ titlar undir árslok 2019 en í báðum þessum áskriftarpökkum eru líka fjöldi eldri titlar sem ekki koma lengur út og er fjöldinn breytilegur frá ári til árs.

Á árinu var fjórum tímaritum bætt í áskrift, þar af höfðu þrjú verið í áskrift áður en verið sagt upp í niðurskurði fyrri ára. Útgáfu eins áskriftartímarits, European Journal of Palliative Care, var hætt á árinu. Til viðbótar við ofangreindar áskriftir er safnið með tímarit í áskrift í gegnum samstarfið í Landsaðgangi.

Eins og undanfarin ár voru talsverðar verðhækkningar í erlendri mynt í áskriftartilboðum á milli ára og tóku samningaviðræður mjög langan tímar eins og oft áður. Þar við bættist verri staða íslensku krónunnar miðað við fyrri ár. Bókasafnið stóð einnig frammi fyrir mikilli niðurskurðarkröfu haustið 2019 og til að mæta henni a.m.k. að hluta var sagt upp áskriftum 15 tímarita auk rafbóka og gagnagrunna sem verða þá ekki aðgengileg á árinu 2020.

Eins og fyrri ár nýtir safnið sér þjónustu birgja, LM Information Delivery A/S, til að sjá um áskriftir að stökum titlum hjá einstökum útgefendum. Safnið sér þó sjálft um nokkurn fjölda beinna samninga um staka titla í þeim tilfellum sem það er hagkvæmara. Þar fyrir utan er safnið með beina samninga við nokkra útgefendur um talsverðan fjölda tímarita, svo sem Springer-Nature, Elsevier-Science Direct, Oxford, Wiley og LWW/WoltersKluwer svo einhverjir séu nefndir. Safnið er með beina samninga um tímaritaáskriftir við 23 útgefendur. Notkunartölur rafrænna tímarita er að finna í viðauka.

Áskriftartímarit bókasafnsins má nálgast hér: <http://gegdir.hosted.exlibrisgroup.com/lhrml/journalsearch>
Auk séráskrifta safnsins er þarna aðgangur að áskriftum í gegnum landsaðgang sem og tímaritum í opnum aðgangi sem skráð eru í DOAJ.

Samstarf um áskriftir

Heilbrigðisvísindasafnið tekur þátt í samstarfi um Landsaðgang að rafrænum gögnum eins og það hefur gert frá upphafi þess verkefnis. Greiðsluhluti Heilbrigðisvísindasafnsins árið 2019 var um 23 milljónir króna.

Þá er áskrift að Cinahl greidd sameiginlega af safninu, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Háskólanum á Akureyri. Kostnaði hefur verið skipt í samræmi við notkun stofnananna.

Kennsla

Bókasafns- og upplýsingafræðingar Heilbrigðisvísindabókasafns halda námskeið og kynningar fyrir starfsfólk spítalans svo og nemendur hinna ýmsu deilda heilbrigðisvísindasviðs HÍ. Námskeiðin fyrir háskólanemana eru oftast hluti stærri vinnulagsnámskeiða sem kennarar háskólans skipuleggja. Annars vegar eru kenndar leitir í gagnasöfnum á sviði heilbrigðisvísinda og hins vegar notkun heimildaskráningarforrita. Nemendur hafa verið taldir í hvorum hluta fyrir sig enda sjá tveir starfsmenn safnsins um sinn hlutann hvor.

Alls voru kenndar 77 kennslustundir innan vinnulagsnámskeiða deilda Heilbrigðisvísindasviðs HÍ á árinu 2019. Þessum kennslustundum fer fækkandi og er helsta skýringin sú að þeim tímum sem safninu er úthlutað innan hvers námskeiðs hefur fækkað. Fjöldi nemenda á námskeiðunum var 495.

Eftir að samningur um rekstur Heilbrigðisvísindabókasafns Landspítala og Háskóla Íslands var undirritaður 8. nóvember 2013 hefur ekki verið rukkað fyrir þá kennslu sem innt er af hendi fyrir HÍ.

Skipulagðar kynningar og námskeið fyrir starfsfólk spítalans voru 31 talsins og voru þátttakendur 54 . Talsvert var um afbókanir þar sem annir við klínísk störf urðu til þess að fólk gat ekki mætt. Góð reynsla var af útrásarátaki starfsfólks safnsins á árinu 2018 þegar boðið var upp á kynningar úti á deildum. Stefnt er að því að endurtaka þá útrás á haustmánuðum 2020.

Auk skipulagðrar kennslu sækja nemendur og starfsfólk frekari leiðsögn og kennslu til bókasafns- og upplýsingafræðinga á safninu. Hvorki fjöldi aðila sem þannig leita aðstoðar á safninu né tímalengd leiðsagnar eða kennslu hefur verið skráð en greinilegt er að eftirspurn eftir slíkri einstaklingsaðstoð fer mjög vaxandi. Stefnt að því að hafa tölulegar upplýsingar um þennan þátt starfseminnar í ársskýrslu 2020.

Innlent samstarf

Heilbrigðisvísindabókasafnið er þátttakandi í ýmsu innlendu samstarfi. Ber þar hæst samstarfið um Landsaðgang að rafrænum gögnum en bókasafnið hefur tekið virkan þátt í því verkefni frá upphafi og stjórnandi þess setið í stjórnarnefnd verkefnisins frá byrjun. Þá tekur safnið þátt í samstarfi stjórnenda háskólabókasafna á Íslandi sem taka ýmis sameiginleg hagsmunamál háskólabókasafna til umræðu, s.s. nýtt bókasafnskerfi, stefnumótun um opinn aðgang, CRIS kerfi o.s.frv. Anna Sigríður Guðnadóttir, verkefnastjóri safnsins, sinnir þessum verkefnum fyrir hönd þess. Á vegum fyrrgreinds samstarfs stjórnenda háskólabókasafna er starfandi hópur sem fjallar um upplýsingalæsi sem starfsfólk safnsins hefur tekið virkan þátt í.

Verkefnastjóri Heilbrigðisvísindabókasafnsins tók þátt í starfi hóps á vegum Mennta og menningarmálaráðuneytis um stefnumótun um opin vísindi.

Á árinu 2019 var haldið áfram að treysta samstarfið við Landsbókasafn-Háskólabókasafn með hliðsjón af þeim samningi sem í gildi er um rekstur Heilbrigðisvísindabókasafns LSH og HÍ. Reglulegt samtal og gott samstarf er á milli safnanna. Meðal annars tók Heilbrigðisvísindabókasafnið þátt í sjálfsmatsskýrslu miðlægra stoðeininga HÍ með Lbs-Hbs haustið 2019. Þá tók safnið þátt í Vísindavöku HÍ annað árið í röð.

Haustið 2019 var verkefnastjóri safnsins skipaður í stýrihóp upplýsingakerfis um rannsóknir, PURE, fyrir hönd spítalans en Landsbókasafn-Háskólabókasafn hefur innleiðingu og umsjón þess kerfis með höndum skv. ákvörðun Menntamálaráðuneytisins. Þá var verkefnastjóri skipaður í verkefnahóp LSH um innleiðingu kerfisins ásamt tveimur öðrum starfsmönnum Landspítala.

Erlent samstarf

Bókasafnið hélt áfram þátttöku í Evrópuverkefninu OpenAIRE2020 sem hefur verið lýst í fyrri ársskýrslum. Í yfirstandandi fasa verkefnisins, OpenAIRE Advance, er lögð meiri áhersla á opin vísindi og opin gögn. Fundir og vinnustofur eru nokkrar árlega sem og mánaðarlegir fjrafundir fundir með norrænum kollegum.

Nánari upplýsingar um ofangreind verkefni er að finna hér: <https://www.openaire.eu/project-factsheets> og <https://www.openaire.eu/advance>

Anna Sigríður Guðnadóttir var kjörin í EAHIL Council sem er ráðgefandi ráð fyrir stjórn EAHIL, Evrópusamtaka heilbrigðisvísindabókasafna. Skipunartími hennar er 2019-2022. Nánari upplýsingar hér: <http://eahil.eu/about-eahil/council/>

Anna Sigríður og Inga Ágústsdóttir sóttu ráðstefnu EAHIL sem haldin var í Basel í Sviss í júní 2019 og hlutu til þess styrk frá Starfsþróunarsjóði BHM.

Inga er fulltrúi Íslands í norrænum samstarfshópi háskólabókasafna um upplýsingalæsi og hefur setið í undirbúningshópi fyrir norræna ráðstefnu um upplýsingalæsi, Creating Knowledge, sem áætlað var að halda í Tromsø í júní 2020. Vegna Covid-19 hefur þeirri ráðstefnu verið frestað til ársins 2021.

Starfsmannamál

Starfsmenn safnsins voru fjórir talsins í 4 stöðugildum á árinu 2019 og hefur fækkað um einn frá árinu 2016 eða 0,8 stöðugildi. Bókasafns- og upplýsingarfræðingar eru þrír og einn bókmenntafræðingur.

Starfsmennirnir eru: Anna Sigríður Guðnadóttir, Guðrún Kjartansdóttir, Inga Ágústsdóttir og Sigurbjörn Svanbergsson.

Húsnæði, tækjakostur og hugbúnaður

Eins og fram kom í ársskýrslu 2018 var tekin ákvörðun um að bókasafnið flytti aftur á gamlar slóðir í Eirbergi á árinu 2019. Starfsemin var flutt í fyrstu viku septembermánaðar. Húsnæðið sem bókasafninu var úthlutað er fremst á gangi í suðurálmum en þar var safnið til húsa á árum áður. Plássið er þó mun minna en áður fyrr eða afgreiðsla, eitt tvöfalt herbergi og eitt lítið herbergi þar sem bókasafns- og upplýsingafræðingar safnsins hafa vinnuáðstöðu og kennsluherbergi þar sem eru 6 notendatölvur. Þá hefur safnið litla geymslu inn af afgreiðslu. Eftir flutninga í Eirberg kom í ljós að safnið fengi minna rými en upphaflega var áætlað og þurfti því að farga hluta þess prentaða safnkosts sem safnið átti enn.

Notkun kennsluáðstöðu safnsins hefur aukist jafnt og þétt frá því hún var tilbúin í október. Hún er notuð annars vegar fyrir námskeið/kynningar og hins vegar í einstaklingskennslu en ómögulegt er að taka fólk í einkatilsögn inni í skrifstofurými þar sem annað fólk situr við vinnu. Enn eru notaðar afar gamlar sýndarvélur fyrir nemendur en festa þurfti kaup á veggskjá fyrir kennaratölvuna í kennsluáðstöðunni. Voru það einu útgjöld vegna tölvubúnaðar á árinu.

Frá hausti 2018 hafði bókasafnið með aðstoð HUT skoðað fýsilega möguleika á nýju aðgangsstýringarkerfi. Ákveðið var á vormánuðum 2019 að taka áskrift að aðgangsstýringarkerfinu OpenAthens. Talsverð vinna starfsfólks safnsins fólst í að undirbúa innleiðingarfasa kerfisins og má segja að sú vinna hafi staðið frá mars fram í ágúst. Stefnt var að því að hefja innleiðingu þegar kennsla hæfist í HÍ í ágúst og tókst það. Netþjónninn Lerki sem stýrt hafði fjaraðgangi að gögnum safnsins nánast frá aldamótum og var orðinn ansi brokkgengur var lagður til hinstu hvílu um áramótin 2019/2020.

Enn er notast við gamla heimasíðaða beiðnakerfið í Lotus Notes sem hrynur með reglulegu millibili og er algjörlega komið að fótum fram. Beiðnakerfið heldur utan um tölulegar upplýsingar um fjölda afgreiddra beiðna sem og upplýsingar til að rukka inn útlagðan kostnað vegna millisafnalána sem bókhaldið tekur út úr kerfinu mánaðarlega. Á árinu 2020 er stefnt að því að skoða hvaða leiðir séu fýsilegar varðandi nýtt kerfi.

Viðaukar

Rafbækur, tímarit og bækur 2019

Nýjar rafbækur:

Palliative Care Formulary (hluti af Medicines Complete)

Nýjar tímaritaáskriftir:

Science

Science Translational Medicine

Journal of Child and Adolescent Psychopharmacology

Child and Adolescent Psychiatric Clinics of North America

Journal of Endourology, JE Case Reports, and Videourology

Prentaðar bækur keyptar 2019:

1. Íslensk heilbrigðismál í alþjóðlegu samhengi/höf.: Ágúst Einarsson (2019)
2. Systematic searching: practical ideas for improving results/Ed: Levay P & Craven J (2019)
3. The data librarian's handbook/Rice R, Southall J (2016)
4. Designing clinical research/Stephen B. Hulley et al (2013)
5. Stories of Resilience in Nursing/ Michael Traynor (2020)
6. Exploring evidence-based practice/Ed.Martin Lipscomb(2016)

Starfsemissupplýsingar

Lykiltölur	2019	2018
Afgreiddar greinar úr safnkosti LSH:		
Til starfsmanna o.fl.	212	242
Til bókasafna - innlendra og erlendra	19	18
Samtals	231	260
Aðfengnar greinar, bækur o.fl. frá öðrum söfnum	215	311
Fjöldi útlána á safnefni	25	13
Fjöldi keyptrar prentaðra bóka	6	4
Fjöldi námskeiða og kynninga innan LSH	31	39
Fjöldi þátttakenda í námskeiðum og kynningum innan LSH	54	206
Kennslutímar fyrir Heilbrigðisvísindasvið HÍ	77	74
Fjöldi nema í HÍ kennslutímum	495	527
Hirsla fjöldi greina í árslok	7067	6.601
Lerki heimsóknir	Lokað 2019	14.527

Notkun rafrænna tímarita og gagnasafna		
	2019	2018
Rafræn tímarit - fjöldi greina bæði HTML og PDF.		
AACR	1.408	1.133
ACP American college of Physicians (Annals of Internal Medicine)	671	548
AMA (JAMA +8 titlar)	4.929	3.787
ASM American Society for Microbiology (11 titlar)	1.612	1.404
American Society of Neuroradiology (AJNR American Journal of Neuroradiology)	312	303
American Society of Hematology (Blood)	1.154	1.262
American Association of Immunology (Journal of Immunology)	884	602
BMJ Journals	12.711	8.308
Cambridge University Press	425	493
Carlat		76
Cell tímaritin	1.680	1.136
Ebsco Host**	1.843	2.941
Elsevier, séráskriftir og landsaðgangur	59.749	66.870
European Respiratory Journal	304	753
Karger	1.885	1.147
Maryann Liebert	1.012	605
Lippincott Williams and Wilkins (LWW)	11.379	11.291
Mark Allen Group	380	328
Nature Publishing Group	6.153	7.255
NEJM	9.438	8.765
Ovid PsycARTICLES regular searches	1.718	1.800
Oxford university press	8.454	8.695
ProQuest - rafræn tímarit**	4.553	5.243
PsycArticles	494	814
Rockefeller University Press	328	207
Sage publications	8.155	5.569
Science og Science Translational Medicine	961	
Springer***	7.596	6.909
Taylor & Francis	7.888	4.831
Wiley	2.667	2.816
Wiley-Blackwell landsaðgangur*	26.013	19.465
Samtals:	186.756	174.223

* Landsaðgangur, beint frá útgefanda

** Landsaðgangur, birtingartöf, greinasöfn, margir útgefendur

***Landsaðgangur+ 4 séráskriftir

Gagnasöfn	2019	2018
Best Practice (BMJ) leitir	3.169	1.166
Cinahl (Ebscohost) leitir	10.513	9.623
Clinical Evidence (BMJ) leitir		
Cochrane Clinical Answers	438	549
EBM Reviews leitir	4.354	6.337
Global Health leitir	265	476
Joanna Briggs (leitir)	1.097	1.788
Nat.Med.Compr.Dat. (Page Views)	3.754	1.834
Ovid Medline leitir	3.337	1.122
PsycBooks leitir	421	529
PsycInfo leitir	1.718	4.827
Scopus-leitir	4.767	7.617
UpToDate - Topic Reviews	112.966	100.157
Micromedex	14.088	13.030
Samtals:	160.887	149.055

Rafbækur	2019	2018
Books@Ovid -title requests	382	607
Medicines Complete	5.889	6.816
RedBook (section requests)	30	32